

Dagskrá fundarins

1. Fundargerð 801 lesin upp og samþykkt

-Ólafur Oddur las upp síðustu fundargerð og var hún samþykkt.

2. Aðsent efni, Lotto

-5.lottógreiðsla til GLÍ 78.409, 6. lottógreiðsla greiðsla var 99.947, 7. Lottógreiðsla greiðsla var 93.895 kr.

Ólafur Oddur las bréf frá ÍSÍ varðandi herferð gegn munntóbaksnotkun.

3. Danmerkurferð 2011

-Dagana 4.-10.júní var farið með 14 ungmenni á vegum GLÍ til Bosei í DK í æfinga- og keppnisferð. Ólafur og Sabína voru fararstjórar og voru afskaplega ánægð með þátttakendur sem voru Glímusambandinu til mikillar fyrirmyndar.

4. Keppnisferð til Sviss

-Dagana 1.-5.júlí var keppnisferð til Sviss. Sviss-Íslandsfélagið var tilbúið til að greiða undir 1-4 þátttakendur. Ekki var mikill kostnaður sem lenti á GLÍ í þessari ferð en uppihald var frítt. Þátttakendur greiddu þó smá hlut sjálfir. Keppt var 3.júlí, keppendur voru 96 og keppt var í einum flokk með öðru fyrirkomulagi en við eigum að þekkja. Keppendum gekk heilt á litið nokkuð vel. Mjög skemmtileg ferð í alla staði og þátttakendur ánægðir með ferðina. Þátttakendur kepptu fyrir ákveðið félag frá bænum Martigny í Sviss og sýndu einnig íslensku glímuna.

5. Keppnisferð til Sardíníu

Ólafur og Pétur fengu boð um að koma út. Nokkrir aðrilar sem eru í forsvari fyrir löndin sem tóku þátt voru mættir en Íslendingunum gekk mjög vel og báðir sína flokka. Ólafur sigraði í +100 kg og Pétur í -90kg. Langt ferðalag og seem gekk samt vel þrátt fyrir miklar óeirðir í London. Þátttakendur greiddu að hluta til ferðina sjálfir en enginn kostnaður lenti á Glímusambandinu vegna ferðarinnar. Ólafur vonast eftir því að fleiri þátttakendur frá Íslandi verði á þessu móti að ári. Þátttakendur á Sardínu voru mjög áhugasamir um Evrópumeistaramótið í fangbrögðum sem fer fram hérna á Íslandi 2013. Þátttaka á mótum erlendis er einnig góð kynning fyrir GLÍ á starfsemi þess.

6. Unglingalandsmót 2011

Mótið gekk vel. Þóroddur Helgason var sérgreinarstjóri glímunnar. Keppnin fór fram á einum velli og var keppt utandyra á grasi. Þátttakendur voru 34 og ýmsir að spreyta sig á glímunni í fyrsta sinn.

7. Þyngdarflokkaskiptingar í barna og unglingsflokkum.

Reglugerðarbreyting tekin fyrir og málið var rætt. Ólafur var búinn að senda pappíra á stjórnarmeðlimi og nokkra aðra aðila. Einn aðili sendi frá sér athugasemdir sem Ólafi fannst góðar. Reglugerð samþykkt og verður send öllum aðilum GLÍ.

8. Mótaskrá 2011-2012

Ólafur fór yfir mótaskrá ársins og var hún samþykkt.

9. Styrktarsöfnun

Silfurstuðningsaðili fyrir Evrópumeistarmótið bættist í hópinn í dag. Ólafur sótti um styrk til Menntamálaráðuneytisins vegna mótsins og hefur ráðuneytið veitt Glímusambandinu kr.1.000.000 í styrk vegna mótsins. Sú upphæð hefur nú þegar

verið greidd inn á söfnunarreikning GLÍ vegna mótsins. Betur má ef duga skal í fjármögnun mótsins og er söfnun í fullum gangi.

Ólafur fór einnig yfir bréf sem fyrirhugað er að senda út og óska eftir samsstarfi við aðila sem geta komið að mótinu með einhverjum hætti.

Ólafur fór yfir kostnað við mótið lauslega.

10. Önnur mál.

Jón M. er að láta binda inn ársskýrslur GLÍ og spurði hvort GLÍ hefði ekki áhuga á að eignast slíkt eintak. Samþykkt að hálfu stjórnar.

Bændaglíma var 13. ágúst í Reykholti vegna 50.ára afmælis Aratungu, lið frá

Bláskógarbyggð með Stefán Geirson innanborðs keppti við Reykjavíkúrval.

Bændur voru tveir fyrrum glímukóngar þeir Jóhannes Sveinbjörnsson fyrir

Bláskógarbyggð og Jón Birgir Valsson hjá Reykjavíkúrvali. Bláskógarbyggð hafði að lokum sigur eftir skemmtilega keppni.

Hugmynd um dómaraþróf í tengslum við mót á Hvolsvelli og hinsvegar halda sér dómaraþámskeið í nóvember eða miðjan janúar. Kjartan Lárusson er með öll gögn tilbúin til að halda námskeið.

11. Næsti fundur ákveðin og fundi slitið

Hugmynd um annan miðvikudag í Október!!!

Sabína Steinunn Halldórsdóttir